

**Sp.**

**499. Fyrirspurnir.**

[227. mál]

I. Til heilbrigðisráðherra um sjúkrarúm fyrir langlegusjúklinga.

Frá Oddi Ólafssyni.

1. Hvað er talið, að vanti mörg sjúkrarúm fyrir langlegusjúklinga?
2. Hvaða hópar langlegusjúklinga eru verst settir í þessu efni?
3. Hverra úrbóta má vænta á næstu árum?

II. Til samgönguráðherra um olíumöl.

Frá Oddi Ólafssyni.

1. Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 18. maí 1972 um kerfisbundna leit að nothæfu efni í olíumöl?
2. Hve margir kaflar, 2 km eða lengri, eru tilbúnir til lagningar olíumalar eða annars bundins slitlags á þjóðvegum landsins?
3. Hvar eru þessir vegakaflar, og hver er samanlögð lengd þeirra?

III. Til iðnaðarráðherra um varaafleiðing raforku á Norðurlandi.

Frá Lárusi Jónssyni.

1. Hefur verið gerð áætlun um varaafleiðing raforku á Norðurlandi, sem miðast við, að verulega orku þurfi að flytja til Norðurlands um háspennulínu yfir öræfi landsins frá Sigölduvirkjun?
2. Hver mun reisa og reka þær varaafleiðingar, og hefur rekstur þeirra áhrif á raforkuverð til Norðlendinga?

IV. Til iðnaðarráðherra um lögn háspennulínu frá Sigölduvirkjun til Norðurlands.

Frá Lárusi Jónssyni.

1. Hvenær er ráðgert, að fyrirhuguð háspennulína frá Sigöldu til Norðurlands verði fullgerð?
2. Til hvers benda niðurstöður rannsókna um öryggi línunnar, ef um eina línu yrði að ræða?
3. Hvert verður orkuverð frá línunni á Norðurlandi?
4. Hvað er gert ráð fyrir, að línan kosti, miðað við niðurstöður rannsókna á línustæðinu, og hver er arðsemi þeirrar fjárfestingar miðað við virkjunarmöguleika á Norðurlandi?